



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 - 2050

Umhverfismatsskýrsla

Mái 2026



Unnið fyrir:

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða og
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Unnið af:

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík
www.vso.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Matsskylda og markmið umhverfismats	1
1.2	Nálgun umhverfismats	2
2	Helstu niðurstöður umhverfismats	3
2.1	Áhrif á umhverfisþætti	4
2.1.1	Byggðapróun, byggðamynstur og atvinna	4
2.1.2	Samgöngur og aðrir innviðir	5
2.1.3	Náttúrufar, vatnafar og lífríki	6
2.1.4	Landslag og ásjúnd	7
2.1.5	Menningarminjar	8
2.1.6	Heilsa og öryggi	9
2.1.7	Loftslagsmál	10
2.1.8	Náttúruvá	11
3	Samræmi við áætlanir	12
4	Heimildir	15

1 Inngangur

Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 er áætlun um landnotkun og samfélagsþróun sem tekur til alls lands aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambands Vestfirðinga, frá Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur að Stikuhálsi milli Bitru og Hrótafjarðar. Skipulagið er unnið af svæðisskipulagsnefnd.

Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því hvaða áhrif stefnumörkun svæðisskipulagsins í tilteknum málaflokkum kunni að hafa á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótun svæðisskipulagsins.

Markmiðið er að auka gæði áætlana, þróa og samþætta fyrirliggjandi stefnur í umhverfismálum og sjálfbærri þróun þ.m.t. á grundvelli Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Markmið umhverfismatsins er að sá sem mótar stefnuna geri sér grein fyrir áhrifum hennar á umhverfið og bregðist við með það að leiðarljósi að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

1.1 Matsskylda og markmið umhverfismats

Gerð svæðisskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem um er að ræða:

- Skipulagsáætlanir og breytingar á þeim samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða.
- Áætlun sem markar stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem til greindar eru í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.
- Varða framkvæmdir sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 kemur fram að markmið laganna sé:

- Sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
- Skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.

Matsvinnan fyrir Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

1.2 Nálgun umhverfismats

Matsvinnan fer fram samhliða mótun svæðisskipulags til að tryggja að horft sé til umhverfissjónarmiða. Helstu áhrifaþættir skipulagsins snúa að meginviðfangsefnum þess, sem eru (1) náttúra og auðlindir, (2) grunnkerfi, (3) samfélagsauður, (4) atvinna og nýsköpun og (5) menningarauður.

Matsvinna fólst aðallega í að:

- Benda á möguleg umhverfisáhrif fyrir mismunandi stefnur og aðgerðir sem komu fram í skipulagsvinnunni og stuðla að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku við mótun aðalskipulags.
- Aðstoða við að skilgreina markmið og leiðir í aðalskipulaginu á samræmdan hátt.
- Fjalla um valkosti.
- Greina áhrifaþætti og umhverfisþætti sem verða fyrir áhrifum.
- Meta áhrif, skilgreina mótvægisáðgerðir og vöktun.
- Vinna umhverfisskýrslu.

Umhverfisþættir sem eru teknir til skoðunar í umhverfismati eru:

- Byggðapróun, byggðamynstur og atvinna
- Samgöngur og aðrir innviðir
- Náttúrufar, vatnafar og lífríki – landslag og ásýnd
- Menningarminjar
- Heilsa og öryggi
- Loftslagsmál
- Náttúruvá

Við mat á umfangi áhrifa er horft til opinberra viðmiða sem fram koma í stefnum og áætlunum, auk þess sem tekið er mið af ástandi og þróun umhverfisþátta án áætlunarinnar. Sérstök áhersla er lögð á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Stjórnarráð Íslands, 2025) og stefnumörkun stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Mjög neikvæð áhrif eru skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða mikils fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef áhrif eru metin neikvæð eða mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig geta niðurstöður matsins nýst til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um áhrif.

2 Helstu niðurstöður umhverfismats

Líkleg áhrif Svæðisskipulags Vestfjarða 2025–2050 eru á heildina litið jákvæð á samfélag og umhverfi. Gert er ráð fyrir eflingu byggðarkjarna, fjölbreyttari búsetukostum og bættri tengingu milli svæða með áherslu á grunninnviði, raforkuöryggi og fjarskipti. Skipulagið setur fram stefnu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, vernd lífríkis og landslags og mótvægisáðgerðir gegn neikvæðum umhverfisáhrifum. Lögð er áhersla á að styrkja viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum og náttúruvá, auk þess sem stefnt er að því að gera svæðið að samkeppnishæfu búsetu- og atvinnusvæði til framtíðar. Skipulagið leitast við að samræma sjónarmið náttúruverndar, atvinnuuppbyggingar og samfélagsþróunar til hagsbóta fyrir fjórðunginn í heild.

Kafli 2.1 fjallar um áhrif svæðisskipulags á staka umhverfisþætti. Eftirfarandi tafla sýnir innbyrðis tengingu milli megin viðfangsefna svæðisskipulagsins og umhverfisþátta sem eru til skoðunar í umhverfismati.

Viðfangsefni	Byggðabróun, byggðamynstur og atvinna	Samgöngur og aðrir innviðir	Náttúrufar, vatnafar og lífríki	Landslag og ásjúnd	Menningarminjar	Heilsa og öryggi	Loftslagsmál	Náttúruvá
Náttúra og auðlindir			X	X	X	X	X	X
Grunnkerfi	X	X	X	X	X	X	X	X
Samfélagsauður	X	X	X	X		X	X	X
Atvinna og nýsköpun	X	X	X	X	X	X	X	
Menningarauður	X				X			

Núllkostur

Núllkostur felur í sér líklega þróun umhverfisins án framkvæmdar eða framfylgdar skipulagsáætlunarinnar. Ef ekki kemur til svæðisskipulags Vestfjarða 2025–2050 má búast við að þróun samfélags, landnotkunar og innviða verði ósamræmdari og síður í takt við markmið um sjálfbæra þróun, náttúruvernd og viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum og náttúruvá.

Þróun innviða, atvinnusvæða og orkuvinnslu myndi líklega halda áfram, en með minni yfirsýn og skorti á sameiginlegum markmiðum og forgangsriðun. Það getur aukið líkur á dreifðari röskun á náttúru, landslagi og menningarminjum, auk þess sem sveitarfélögin yrðu verr í stakk búin til að samræma þjónustu og uppfylla lögbundnar skyldur sínar án sameiginlegrar stefnumörkunar.

2.1 Áhrif á umhverfispætti

2.1.1 Byggðapróun, byggðamynstur og atvinna

Svæðisskipulag Vestfjarða hefur að markmiði að styrkja byggð, bæta búsetuskilyrði og efla atvinnulíf í fjórðungnum. Lagt er upp með að styðja við sjálfbæra byggðapróun með því að samþætta atvinnu, húsnæði, samgöngur og þjónustu. Með því að styrkja byggðarkjarna, efla atvinnulíf og grunninnviði og skapa fjölbreytta búsetukosti er markvisst unnið að því að auka aðgengi að þjónustu og gera svæðið samkeppnishæfara og aðlaðandi til búsetu og atvinnustarfsemi.

Skipulagið miðar að því að efla allt atvinnulíf, með sérstakri áherslu á bláa hagkerfið og ferðaþjónustu, og skapa skilyrði fyrir atvinnugreinar sem byggja á nýsköpun, þekkingu, fjarvinnu og orkuskiptum. Öruggt raforku- og fjarskiptakerfi er nauðsynleg forsenda fyrir atvinnulíf og daglegt líf á svæðinu.

Lítill uppbygging húsnæðis, gamlir innviðir og takmörkuð vetrarþjónusta hamlar þróun á sumum svæðum. Skipulagið gerir ráð fyrir markvissari stýringu landnýtingar og að uppbyggingu verði forgangsraðað á svæðum þar sem aðstæður eru hagstæðar með tilliti til innviða, aðgengis og umhverfissjónarmiða. Uppbygging atvinnulífs byggir á greinum sem hafa sterka tengingu við svæðið og tekur tillit til samfélagsábyrgðar og umhverfishagsmuna.

Áætluð áhrif svæðisskipulags Vestfjarða á byggðapróun, byggðamynstur og atvinnu eru metin mjög jákvæð. Til að markmið skipulagsins náist þarf skýrar aðgerðir og tengingu við aðrar áætlanir sveitarfélaga, s.s. í húsnæðismálum, samgöngum og atvinnuþróun. Jafnframt þarf að tryggja að innviðir og þjónusta haldi í við uppbyggingu og að vöxtur atvinnulífs og búsetu valdi ekki álagi sem dregur úr lífsgæðum. Stefnumörkun skipulagsins felur í sér skýr atriði sem styðja við jákvæða þróun, þar á meðal aðgerðir til að efla atvinnulíf, forgangsroðun byggingarlands og markvissari uppbyggingu þéttbýlis með góðu aðgengi að þjónustu.

Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á byggðapróun, byggðamynstur og atvinnu, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfispátt
Grunnkerfi	Mjög jákvæð áhrif ++
Atvinna og nýsköpun	Mjög jákvæð áhrif ++
Samfélagsauður	Jákvæð áhrif +



Stefnumótunin styður við markmið 11 með því að efla byggðakjarna, bæta innviði og fjölga búsetukostum.



Stefnumótunin styður við markmið 8 með því að efla atvinnulíf, nýsköpun og tryggja innviði sem styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi.

2.1.2 Samgöngur og aðrir innviðir

Áhersla svæðisskipulags á eflingu innviða er jákvæð, enda brýnt að bæta öryggi og tengingar milli byggðarlaga á Vestfjörðum. Skipulagið setur fram skýra sýn um þróun samgangna og forgangsröðun framkvæmda sem styðja við byggðapróun, atvinnulíf og búsetuskilyrði í fjórðungnum. Sérstök áhersla er lögð á að bæta samgöngukerfi, tryggja aðgengi að grunnþjónustu og efla afhendingaröryggi raforku og fjarskipta.

Með tillögnum er stutt við styttingu og endurnýjun vegakerfisins, bætt viðhald og vetrarþjónustu til að tryggja skilvirkari og öruggari tengingar milli byggðarkjarna. Þetta skiptir sérstaklega máli í ljósi landfræðilegrar einangrunar svæðisins og þeirrar áskorunar sem fylgir fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og annarri miðlægri þjónustu. Góðar samgöngur eru jafnframt forsenda fyrir búsetu og þróun atvinnustarfsemi, einkum á svæðum sem búa við veik tengsl við meginflutningsleiðir.

Í landsspá Vegagerðarinnar (Vegagerðin, 2025) fyrir umferð á þjóðvegum landsins er gert ráð fyrir 44,8% - 70,2% aukningu fram til ársins 2050. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að íbúavöxtur á Vestfjörðum fylgi landsmeðaltali og því hægt að álykta að samræmi sé í þessum spám. Á skipulagssvæðinu er mesta umferðin nú á Vestfjarðavegi (nr. 60) og Djúpvegi (nr. 61) með ÁDU (árdagsumferð) á bilinu 350 – 690 að meðaltali. Með hliðsjón af núverandi umferðarlági og íbúapróun er ekki talið að umferðarrýmnd vega sé komin að þolmörkum. Áherslur í skipulagi miða einkum að auka daglegt öryggi íbúa og ferðalanga og hins vegar að bæta samkeppnishæfni landshlutans.

Raforkuöryggi er í forgrunni í skipulaginu þar sem sett eru skýr markmið um að auka raforkuvinnslu innan fjórðungsins með virkjun vatnsafls, sem eykur kerfisstyrk og þar með afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Slík uppbygging skiptir sköpum fyrir það atvinnulíf sem þegar er á Vestfjörðum og þarfnast stöðugar raforku og er einnig forsenda orkuskipta og vaxandi atvinnustarfsemi sem byggir á raforku, svo sem fiskeldis, gagnavera, tækniíðnaðar og rafvæðingar samgangna og hafna. Einnig eru lagðar línur um bættu orkunýtingu með jarðhitaleit og bættu tengingu við meginflutningskerfi Landsnets. Þá er lögð áhersla á að tryggja öruggar fjarskiptatengingar, sem eru nauðsynlegar fyrir fjarvinnu, menntun, heilbrigðisþjónustu og öryggisnet í dreifðum byggðum.

Áhrif svæðisskipulags Vestfjarða á samgöngur og aðra innviði eru á heildina litið mjög jákvæð. Áhrif ráðast af því að eftirfylgni, forgangsröðun og fjármögnun verði tryggð.

Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á samgöngur og aðra innviði, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfisþátt
Grunnkerfi	Mjög jákvæð áhrif ++
Atvinna og nýsköpun	Mjög jákvæð áhrif ++
Samfélagsauður	Jákvæð áhrif +



Stefnumótunin styður við markmið 9 með því að setja markmið um að efla samgöngur, raforkukerfi og fjarskiptatengingar sem forsenda fyrir sjálfbæru atvinnulífi.



Stefnumótunin styður við markmið 7 með því að leggja áherslu á raforkuöryggi, orkuskipta og tengingar við flutningskerfi landsins.

2.1.3 Náttúrufar, vatnafar og lífríki

Á Vestfjörðum býr fólk í mikilli nálægð við náttúru sem er eitt helsta aðráttarafi svæðisins fyrir íbúa og gesti. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu sem kann að hafa áhrif á náttúrufar og lífríki. Þar má nefna uppbyggingu innviða, orkuvinnslu, ferðaþjónustu og atvinnustarfsemi sem fela í sér rask á náttúrulegum búsvæðum. Einnig getur vaxandi starfsemi tengd fiskeldi getur leitt til aukins álags á strand- og vatnssvæði. Til að bregðast við þessum áskorunum setur skipulagið fram stefnu um að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær nýting vistkerfa skuli höfð að leiðarljósi við mótun landnotkunar og framkvæmda. Sérstök áhersla er lögð á vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt lögum eða hafa hátt náttúrugildi, svo sem votlendi, strandsvæði, birkiskóga og búsvæði sjófugla og sela. Skipulagið styður einnig við notkun náttúrumiðaðra lausna, stýringu ferðamennsku og greiningu burðargetu svæða, sem eru mikilvægar forsendur til að draga úr neikvæðum áhrifum og tryggja að þróun fari fram í sátt við náttúru og samfélag. Umfangsmiklar framkvæmdar þurfa að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum samanber lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Vatnshlot og vatnsból á Vestfjörðum eru víða viðkvæm fyrir álagi, og mikilvægt er að uppbygging innviða og landnotkun, sem kveðið er á um í svæðisskipulagstillögunni, hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á ástand þeirra eða gæði. Áður en leyfi er gefið út fyrir framkvæmdum þarf að vinna áhrifamat á vatnshlot samanber lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í Vatnaáætlun 2022-2027 (Umhverfisstofnun og Stjórn Vatnamála, 2022) eru skilgreindir helstu flokkar álags á vatn. Stefnumótun um uppbyggingu innviða og atvinnustarfsemi í svæðisskipulaginu felur í sér framkvæmdir sem geta fallið undir flesta álagflokka samkvæmt vatnaáætlun, einkum stefnumörkun er varðar vatnsaflsvirkjanir, fiskeldi og aðra atvinnustarfsemi, auk byggðapróunar.

Svæðisskipulag Vestfjarða 2025–2050 felur í sér stefnumótun um vernd og sjálfbæra nýtingu náttúruvars og lífríkis. Sérstök áhersla er lögð á vernd líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa með markvissum aðgerðum til að standa vörð um votlendi, birkiskóga, strandsvæði og búsvæði sjófugla og sela. Skipulagið gerir einnig ráð fyrir að náttúrumiðaðar lausnir verði nýttar til að styðja við kolefnisbindingu og aðlögun að loftslagsbreytingum, til dæmis með endurheimt vistkerfa og vistvænni landnýtingu. Stefnumótun skipulags getur þannig fallið í sér bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á náttúrufar, vatnafar og lífríki, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfisþátt
Grunnkerfi	Neikvæð áhrif -
Atvinna og nýsköpun	Neikvæð áhrif -
Samfélagsauður	Óveruleg áhrif 0 / +
Náttúra og auðlindir	Mjög jákvæð áhrif ++



Stefnumótunin styður við markmið 15 með áherslu á verndun votlendis, birkiskóga, strand- og búsvæða, auk endurheimtar náttúrusvæða.



Stefnumótunin styður við markmið 6 með áherslu á að vernda gæði vatns og lágmarka álag á vatnsból.

2.1.4 Landslag og ásýnd

Í svæðisskipulagi Vestfjarða kemur fram að við ákvarðanir um uppbyggingu og landnotkun skuli tekið tillit til landslags, ásýndar og víðerna. Lögð er áhersla á að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja og styðja við kortlagningu og greiningu víðerna og landslagsheilda sem grundvöll ákvarðanatöku. Landslag og víðerni eru veigamiklir þættir í sérstöðu Vestfjarða og skipta verulegu máli fyrir íbúa og gesti, sem og fyrir vernd náttúru og stöðu svæðisins sem áfangastaðar fyrir útivist og ferðaþjónustu. Settar eru fram áherslur um að aðgengi að náttúru verði stýrt með það að leiðarljósi að draga úr álagi á viðkvæm svæði og raska ekki ásýnd lítt breyttra landsvæða. Þá er lögð áhersla á friðlýsingu lykilsvæða og stofnun þjóðgarðs, sem eru skref sem geta styrkt vernd víðerna og náttúrulegrar ásýndar.

Í lögum nr.60/2013 um náttúruvernd eru sett fram verndarmarkmið fyrir landslag og óbyggð víðerni. Ekki liggja fyrir opinber viðmið fyrir kortlagningu óbyggðra víðerna en samkvæmt fyrirliggjandi tillögum að kortlagningu telst tæplega 90% landssvæðis Vestfjarða til víðerna eða umbreytingasvæða þeirra, og er það hlutfall hvergi hærra á Íslandi. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu sem getur haft áhrif á landslag og víðerni. Þar má nefna uppbyggingu innviða, orkuvinnslu og atvinnustarfsemi sem geta raskað lítt röskuðu landi, breytt einkennum landslagsheilda og skert óbyggð víðerni. Helst er það stefnumörkun um aukið raforkuöryggi, þ.e. orkuvinnslu og styrking meginflutningskerfis, sem kann að leiða til skerðingar á óbyggðum víðernum.

Til að mæta þessum áskorunum kveður skipulagstillagan á um að sjónræn áhrif, víðerni og ásýnd verði tekin sérstaklega til skoðunar við mótun framkvæmda og landnotkunar. Kortlagning og greining víðerna og landslagsheilda er talin forsenda fyrir því að draga megi úr neikvæðum áhrifum á ásýnd og ósnortin svæði. Þar sem nauðsynlegir grunninnviðir krefjast þess að víðernum sé raskað, skal engu að síður gæta fyllstu hófsemi, halda raski og slóðagerð í lágmarki og leggja mannvirki í landslag þannig að upplifun óbyggðra svæða skerðist sem minnst. Umfangsmiklar framkvæmdar þurfa að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum, samanber lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem leggja þarf mat á sjónræn áhrif, landslagsheildir og óbyggð víðerni.

Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á landslag og ásýnd, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfisþátt
Grunnkerfi	Neikvæð áhrif -
Atvinna og nýsköpun	Neikvæð áhrif -
Samfélagsauður	Óveruleg áhrif 0 / +
Náttúra og auðlindir	Jákvæð áhrif +



Stefnumótunin styður við markmið 15 með því að setja fram aðgerðir sem miða að því að lágmarka rask sem getur haft áhrif á landslag og vistkerfi.



Stefnumótunin styður við markmið 11 með áherslum um að tekið sé mið af landslagi og umhverfis-einkennum við mótun byggðar.

2.1.5 Menningarminjar

Menningarminjar Vestfjarða, þar á meðal fornleifar, minjar um sjávarútveg, búsetu, samgöngur og mannvistarlandslag, eru órjúfanlegur hluti af auðkenni og sögu byggðarinnar, og gegna mikilvægu hlutverki í sjálfsmynd samfélagsins og þróun ferðapjónustu.

Stefnumótun í skipulagi er líkleg til að fela í sér bæði jákvæð og óveruleg neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á skráningu og mat á menningarminjum, sérstaklega á svæðum þar sem hætta stafar af sjávarrofi og náttúruvá, og á að tengja menningararf við skipulag, ferðapjónustu, verndarsvæði og þjóðgarða. Þessi atriði eru til þess fallin að auka þekkingu á menningarminjum og vernd þeirra og hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Neikvæð áhrif geta hins vegar falist í auknum umsvifum, framkvæmdum og aukinni umferð vegagerð, orkuinnviði eða nýtingu auðlinda. Vinna þarf eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, m.a. kortleggja minjar á svæðum þar sem framkvæmdir verða.

Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á menningarminjar, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfisþátt	
Gunnkerfi	Óveruleg áhrif	0 / -
Atvinna og nýsköpun	Óveruleg áhrif	0 / -
Menningarauður	Jákvæð áhrif	+
Náttúra og auðlindir	Jákvæð áhrif	+



Stefnumótunin styður við mærkmið 11 með því að samþætta vernd menningararfs við skipulags-ákvæðanir.

2.1.6 Heilsa og öryggi

Tillaga að svæðisskipulagi Vestfjarða er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa. Áhersla er lögð á að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu, styrkja innviði geðheilbrigðisþjónustu og efla samstarf sveitarfélaga. Einnig er áhersla lögð á að tryggja gott aðgengi íbúa að grænum svæðum og náttúru í nánasta umhverfi til útivistar, hreyfingar og samveru. Þessi atriði eru líkleg til að bæta lífsgæði, draga úr ójöfnuði milli byggðalaga og stuðla að bættri heilsu íbúa.

Styrking innviða hefur bein áhrif á öryggi. Bættar samgöngur og fækkun fjallvega með gerð jarðganga stuðla að auknu umferðaröryggi og minni slysaættu, sérstaklega með tilliti til veðurs og fjarlægða. Traustari raforku- og fjarskiptakerfi bæta rekstraröryggi grunnþjónustu og styrkja viðbragðsgetu gagnvart náttúruvá og slysum. Skipulagið gerir ráð fyrir áhættugreiningum og varnaraðgerðum við náttúruvá, sem minnkar hættu á tjóni og eykur öryggi byggðar. Einnig eru settar fram aðgerðir sem miða að því að auka öryggi í tengslum við útivist og ferðamennsku með skipulagðri uppbyggingu svæða, merkingum og fræðslu.

Neikvæð áhrif geta þó komið fram ef fólksfjölgun og atvinnuuppbygging ganga hraðar fyrir sig en innviðir ráða við. Til dæmis ef uppbygging rýrir þau svæði sem íbúar nýta helst til daglegrar útivistar, álag eykst á heilbrigðiskerfið, og á viðbragðskerfi ef útivist og ferðamennska aukast án samhliða aðstöðubóta. Einnig getur hætta skapast ef byggð þróast inn á hættusvæði án nægilegra varna.

Stefnumótun í skipulagi er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi. Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á umhverfispáttinn, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfispátt
Grunnkerfi	Jákvæð áhrif +
Atvinna og nýsköpun	Jákvæð áhrif +
Samfélagsauður	Jákvæð áhrif +
Náttúra og auðlindir	Jákvæð áhrif +



Stefnumótunin styður við markmið 11 með áherslum um öfluga innviði, heilbrigðisþjónustu og viðbragðsgetu sem styrkja öryggi og viðnámsþol.

2.1.7 Loftslagsmál

Svæðisskipulag Vestfjarða setur loftslagsmál í skýran forgrunn með markmiðum um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Stefnumótunin felur í sér aðgerðir sem snúa að orkuskiptum, vistvænni samgöngum, breytttri landnýtingu og sjálfbærri uppbyggingu, sem saman geta dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og stutt við aðlögun að loftslagsbreytingum.

Vegna takmarkaðs afhendingaröryggis raforku á svæðinu hefur þurft að framleiða varaafli með jarðfnaeldsneyti, fyrir atvinnustarfsemi og þjónustu á svæðinu, sem hefur í för með sér verulega losun gróðurhúsalofttegunda. Til að ná árangri í loftslagsmálum er því brýnt að bæta orkuöryggi á Vestfjörðum og tengingu við flutningskerfi raforku. Stefnt er að því að jarðhitaleit geti gert rekstur hitaveitu áreiðanlegri og geti losað um talsverða raforku sem í dag er nýtt í rafkyntar fjarvarmaveitur.

Þéttari byggð, eflid nærþjónusta og auknar almenningssamgöngur geta minnkað ferðaþörf og þar með samgöngutengda losun. Þá er áhersla á náttúrumiðaðar lausnir á borð við endurheimt vistkerfa og skógrækt til að stuðla að kolefnisbindingu og samhliða vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Innleiðing hringrásarhagkerfis og bætt úrgangsstjórnun eru einnig mikilvægir þættir í heildstæðri nálgun svæðisskipulagsins á loftslagsmál.

Á sama tíma fylgir uppbyggingu og auknum umsvifum óhjákvæmileg aukning losunar, meðal annars vegna jarðrasks, mannvirkjagerðar, umferðar, orkunotkunar og úrgangs. Rask á kolefnisríkum vistgerðum eins og votlendi, kjarri og birkiskógi getur leitt til verulegrar losunar ef mótvægisáðgerðir vantar. Þá getur aukin starfsemi, svo sem í iðnaði, fiskeldi og ferðaþjónustu, haft neikvæð áhrif ef ekki eru til staðar skýr viðmið um efnisval, orkunýtingu og innkaup.

Skipulagið skapar ramma fyrir aðgerðir sem geta dregið úr losun, meðal annars með því að setja loftslagsáhrif í forgrunn við ákvarðanatöku, beita vistvænum byggingaraðferðum og stýra landnýtingu með hliðsjón af kolefnisbindingu og vernd vistkerfa. Til langs tíma er skipulagið líklegt til að stuðla að jákvæðum áhrifum á loftslagsmál, að því gefnu að stefnumótun verði fylgt eftir með markvissum aðgerðum.

Stefnumótun í skipulagi er líkleg til að fela í sér bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á loftslagsmál, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfisþátt	
Gunnkerfi	Óveruleg áhrif	0 / -
Atvinna og nýsköpun	Jákvæð áhrif	+
Samfélagsauður	Jákvæð áhrif	+
Náttúra og auðlindir	Jákvæð áhrif	+



Stefnumótunin styður við markmið 7 með því að leggja áherslu á orkuskipti, orkunýtingu og tengingu við endurnýjanlega orkugjafa.



Stefnumótunin styður við markmið 13 með því að fella loftslagsmarkmið inn í skipulag og móta aðgerðir til að draga úr losun og efla viðnámsþol vistkerfa.

2.1.8 Náttúruvá

Náttúruvá og afleiðingar loftslagsbreytinga er ein af helstu áskorunum Vestfjarða. Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á að auka viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart náttúruvá, með því að forgangsraða öryggi og sjálfbærni í uppbyggingu og nýtingu lands. Áhersla er lögð á að kortleggja hættur og rýna byggðamynstur til að stuðla að forvörnum og draga úr áhættu áður en til framkvæmda kemur.

Skipulagið styður við gerð langtímavarna með auknu tilliti til loftslagsaðlögunar, þar sem markmiðið er að lágmarka áhrif breytinga á veðurfari og sjávarstöðu á byggð og innviði. Skipulagið styður einnig við gerð aðgerðaráætlana og samhæfingu milli sveitarfélaga og stofnana til að bæta viðbragðsgetu og tryggja öryggi samfélaga gagnvart vá af völdum ofanflóða, þurrka, sjávarrofs, aurskriða og flóða. Sérstök áhersla er lögð á vöktun og vernd viðkvæmra svæða, svo sem vatnsbóla, menningarminja og þéttbýlis.

Skipulagið er líklegt til að hafa jákvæð áhrif með því að styrkja viðnámsþrótt og draga úr áhættu vegna náttúruvár. Eftirfarandi tafla sýnir viðfangsefni svæðisskipulags sem helst hafa áhrif á náttúruvá, ásamt mati á umfangi áhrifa.

Viðfangsefni	Áhrif á umhverfisþátt
Gunnkerfi	Jákvæð áhrif +
Samfélagsauður	Jákvæð áhrif +
Náttúra og auðlindir	Jákvæð áhrif +



Stefnumótunin styður við markmið 13 með áherslum um að efla viðnámsþol samfélagsins og fella náttúruvá og aðlögun að loftslagsbreytingum inn í skipulagsstefnu.

3 Samræmi við áætlanir

Við mótun svæðisskipulagsins var litið til annarra áætlana sem endurspeglar megináherslur vinnunnar. Um er að ræða bæði lögbundnar og stefnumarkandi áætlanir á landsvísu og svæðisbundnu stigi sem móta forsendur, markmið og áherslur í skipulaginu. Taflan hér að neðan sýnir helstu áætlanir sem horft var til við gerð svæðisskipulagsins.

Tafla 3.1 Tengsl Svæðisskipulags Vestfjarða við aðrar áætlanir.

Áætlanir	Lýsing og helstu markmið áætlana	Samræmi við Svæðisskipulag Vestfjarða
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030	Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.	Svæðisskipulag Vestfjarða styður við markmið aðgerðaáætlunar Íslands í loftslagsmálum með áherslu á vistvæna landnýtingu, sjálfbæra auðlindanýtingu og aðgerðir sem stuðla að kolefnisbindingu og samdrætti í losun.
Aðgerðaáætlun um orkuskipti	Í aðgerðaáætlun eru sett fram markmið um að stefnt sé að því að Ísland verði framarlega í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum.	Svæðisskipulag Vestfjarða tekur mið af markmiðum aðgerðaáætlunar um orkuskipti með því að styðja við sjálfbæra orkuvinnslu, nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og uppbyggingu innviða sem styðja orkuskipti á svæðinu.
Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegar samvinnu þarf til að vernda og stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífssvæða.	Svæðisskipulagið tekur mið af vistkerfum og vistgerðum með því að leitast við að lágmarka rask á viðkvæmum svæðum við staðsetningu framkvæmda.
Hafið – Stefna íslenskra stjórnvalda frá 2004	Stefna í málefnum hafsins grundvallast á því að halda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins við Ísland til framtíðar. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengni er byggist á rannsóknum og hagnýtingu þekkingar.	Svæðisskipulagið styður við markmið stefnunnar Hafið um vernd lífríkis og sjálfbæra nýtingu með því að gera grein fyrir ástandi strandsjavarhlota, helstu ógnunum og aðgerðum til að tryggja gott ástand þeirra.
Hvítbók um húsnæðisstefnu	Í Hvítbók er brugðist við þeirri áskorun samfélagsins í húsnæðismálum að tryggja nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði í jafnvægi við umhverfið.	Svæðisskipulagið styður við markmið Hvítbókar um húsnæðisstefnu með því að gera grein fyrir framtíðarþörf íbúða og leggja áherslu á fjölbreytt húsnæðisframboð í takt við íbúðarþróun og svæðisbundna eftirspurn.
Hreint loft til framtíðar	Að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið, þá er meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.	Skipulagið styður við markmið um bætt loftgæði með aðgerðum sem draga úr losun frá samgöngum, mannvirkjagerð og orkunotkun.
Kerfisáætlun 2025-2034	Í kerfisáætlun er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu, auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er á flutningskerfinu til næstu 10 ára og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 3 ár.	Svæðisskipulagið er í samræmi við meginmarkmið Kerfisáætlunar 2025–2034 um örugga og skilvirka þróun flutningskerfis raforku. Þær áherslur sem koma fram í skipulaginu styðja við markmið kerfisáætlunarinnar um aukið orkuöryggi og tvítengingu landshlutans.
Land og líf – landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031	Áherslur áætlunar eru að (1) efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar, (2) efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast	Svæðisskipulagið styður við markmið áætlunarinnar <i>Land og líf</i> með áherslu á náttúrumiðaðar lausnir, vernd vistkerfa og endurheimt birkiskóga og votlendis.

Áætlanir	Lýsing og helstu markmið áætlana	Samræmi við Svæðisskipulag Vestfjarða
	alþjóðlegum skuldbindingum, (3) stuðla að sjálfbærri landnýtingu, (4) efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu og (5) stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.	
Landsskipulagsstefna 2024-2038	Landsskipulagsstefna er stefnumarkandi áætlun ríkisins sem stuðlar að sjálfbærri þróun með því að samhæfa stefnu og skipulag í byggðamálum, landnotkun og innviðum á landsvísu. Meginmarkmið eru (1) vernd umhverfis og náttúru, (2) velsæld samfélags og (3) samkeppnishæft atvinnulíf.	Svæðisskipulagið fellur að markmiðum Landsskipulagsstefnu með því að setja fram markmið og áherslur um sjálfbæra þróun, samþættingu byggðar, landnotkunar og innviða, vernd náttúru og fjölbreytta atvinnusköpun.
Landslagssamningur Evrópu	Landslagssamningur Evrópu felur í sér áherslu á landslag sem sameiginlega auðlind Evrópuríkja. Ákvæði hans leggja skyldur á aðildarríkin um að viðurkenna mikilvægi landslags í löggjöf sinni og setja sér áætlanir um verndun, stjórnun og skipulag landslags.	Við mótnun svæðisskipulags er horft til markmiða Landslagssamnings Evrópu með því að horfa til landslags og landslagsupplifunar við ákvarðanir um framkvæmdir, meðal annars í tengslum við orkuvinnslu og uppbyggingu annarra innviða.
Líffræðileg fjölbreytni: Stefna og markmið til ársins 2030	Meginstef í stefnunni snýr að því að málefni líffræðilegrar fjölbreytni fái meira vægi í opinberri stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku á öllum stjórnsýslustigum. Sett eru markmið um að auka hlutfall verndarsvæða sem njóta virkrar stjórnar og vöktunar og markmið um endurheimt vistkerfa.	Í svæðisskipulaginu er hvort tveggja lögð áhersla á því að fjölga þeim svæðum sem njóta formlegrar verndar og að endurheimta vistkerfi sem hafa hnignað.
Náttúruminjaskrá	Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Skráin skiptist í þrjá hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C-hluti. A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.	Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á vernd svæða á náttúruminjaskrá með aðgerðum sem miða að friðlýsingu, sjálfbærri landnýtingu og lágmörkun rasks. Uppbygging innviða kann að hafa í för með sér áhrif á verndarsvæði og mikilvægt að hugað sé að þessum þáttum á seinni stigum í skipulagi og við útfærslu framkvæmda.
Orkustefna til 2050	Framtíðarsýn stefnunnar kveður m.a. á um að öll orkuframleiðsla sé af endurnýjanlegum uppruna. Orkan sé nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almenningi til hagsbóta með traustum og áfallaþolnum innviðum. Allri orkuþörf sé mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma, Ísland sé leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu og orkuskiptum og sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda.	Svæðisskipulagið er í samræmi við markmið Orkustefnu til 2050 með því að styðja við sjálfbæra orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum og með áherslu á að styrkja flutningskerfi raforku til að mæta vaxandi orkuþörf svæðisins.
Ramsarsamningur	Markmið Ramsarsamningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.	Svæðisskipulagið gengur ekki gegn markmiðum Ramsarsamningsins og gerir meðal annars ráð fyrir endurheimt vistkerfa, þar á meðal votlendis.
Samgönguáætlun 2020-2034	Markmið samgönguáætlunar eru að samgöngur séu greiðar til að tryggja búsetugæði, tengja vinnusóknarsvæði og efla atvinnulíf. Markmið eru um öruggar og hagkvæmar samgöngur, umhverfislega sjálfbærni og jákvæða byggðapróun.	Svæðisskipulagið styður við markmið Samgönguáætlunar 2020–2034 með áherslu á að bæta innviði, tryggja greiðar og öruggar samgöngur innan svæðisins og efla tengingar við stærri atvinnu- og

Áætlanir	Lýsing og helstu markmið áætlana	Samræmi við Svæðisskipulag Vestfjarða
		þjónustusvæði með það að markmiði að styrkja búsetuskilyrði og byggðapróun.
Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	Markmið samningsins eru þrjú: að vernda líffræðilega fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu hennar og tryggja ráðstöfunarrétt ríkja yfir erfðæfni lífríkis síns og skiptingu hagnaðar af nýtingu þess.	Svæðisskipulagið gengur ekki gegn markmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og gerir grein fyrir verndarsvæðum, vistkerfum og mikilvægi gróðurþekju sem hluta af loftslags- og náttúruvernd
Stefnumótandi byggðaaætlun 2022-2036	Í Hvítbók um byggðamál eru markmið um jafnan aðgang að þjónustu, jöfn tækifæri til atvinnu og að stuðlað verði að sjálfbærni byggða um land allt. Tekið er á fjölmörgum þáttum samfélagsins, m.a. samgöngum, almenningsþjónustu, sjálfbærni, aðgengi að orku, landnotkun og virkri þátttöku íbúa.	Svæðisskipulagið styður við markmið byggðaaætlunar 2022–2036 með því að leggja áherslu á sjálfbæra byggðapróun, jöfn tækifæri til búsetu og atvinnu, og aðgengi að þjónustu og innviðum um allt svæðið.
Stefnuramma í ferðaþjónustu til 2030	Framtíðarsýnin hverfist um sjálfbæra þróun og byggir á fjórum stöðum; efnahag, samfélagi, gestum og umhverfi. Áhersla er meðal annars á jákvæð áhrif á nærsamfélag, minnkandi kolefnisspor, orkuskipti og jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.	Svæðisskipulagið styður við markmið stefnuramma í ferðaþjónustu til 2030 með áherslu á sjálfbæra þróun ferðamannastaða, jákvæð áhrif á nærumhverfi og að uppbygging taki mið af jafnvægi milli nýtingar og verndar náttúru og menningarminja.
Strandsvæðaskipulag Vestfjarða 2022	Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022 hefur það hlutverk að móta heildstæða stefnu um vernd og sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða utan netlaga, í samræmi við lög nr. 88/2018, með það að markmiði að samræma áætlanir, vernda lífríki og tryggja sjálfbæra þróun.	Svæðisskipulagið samræmist markmiðum Strandsvæðisskipulags Vestfjarða með því að taka tillit til nýtingar og verndunar haf- og strandsvæða, meðal annars í tengslum við fiskeldi, náttúruvernd og stýringu landnotkunar á strandsvæðum.
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps 2018-2030	Markmið svæðisskipulags er að móta og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn um þróun svæðisins til að styrkja atvinnulíf og byggð með því að nýta sérkenni og auðlindir svæðisins og móta sameiginlega stefnu í atvinnu-, samfélags- og umhverfismálum.	Svæðisskipulagið samræmist svæðisskipulagi Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps með því að byggja á sameiginlegri framtíðarsýn um sjálfbæra þróun, eflingu byggða og nýtingu auðlinda í sátt við náttúru og samfélag. Þar sem svæðisskipulagsáætlanirnar munu gilda samhliða hvor annarri, hefur kapp verið lagt á að Svæðisskipulag Vestfjarða stangist ekki á við stefnu hins.
Aðalskipulagsáætlanir	Stefnumörkun sveitarfélaga um landnotkun, s.s. grunnkerfi, virkjanir, hverfisvernd, landbúnað, búsetu og fl.	Svæðisskipulagið setur ramma fyrir stefnumörkun aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga um landnotkun, þar á meðal um grunnkerfi, atvinnuuppbyggingu, íbúðabyggð og vernd svæða.
Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027	Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum auk þess sem vernda á öll vatnshlot þannig að tryggt verði að ástandi þeirra versni ekki.	Svæðisskipulagið styður við markmið Vatnaáætlunar Íslands 2022–2027 með því að greina helstu álagsvalda á vatnshlot og setja fram stefnu og aðgerðir sem miða að því að tryggja gott ástand þeirra.
Verndar- og orkunýtingaráætlun	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða rammaáætlun eins og hún er jafnan nefnd, er ætlað að stuðla að því að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.	Svæðisskipulagið tekur mið af Verndar- og orkunýtingaráætlun með því að gera grein fyrir þeim virkjunarkostum á svæðinu sem eru í nýtingarflokki og biðflokki.

4 Heimildir

Stjórnarráð Íslands. (september 2025). *Heimsmarkmiðin*. Sótt frá <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/althjodleg-throunarsamvinna/heimsmarkmidin/>

Umhverfisstofnun og Stjórn Vatnamála. (2022). *Vatnaáætlun 2022-2027*. Umhverfisstofnun og Stjórn Vatnamála.

Vegagerðin. (28. október 2025). *Umferðartölur*. Sótt frá <https://www.vegagerdin.is/samgongukerfid/vegakerfid/umferdartolur>